**Ed.** **803. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á skemmdum á öldubrjótnum í Bolungavík.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka skemmdir þær, sem urðu á öldubrjótnum í Bolungavík 26.—27. október síðastl., og á hvern hátt skemmdirnar verði bættar, svo öryggi þessa mannvirkis sé tryggt, og leggja niðurstöðu þeirra rannsókna, ásamt kostnaðaráætlun, fyrir næsta þing.

Ástæður.

Formaður fjárveitinganefndar hefir tjáð mér, að nefndin, eða meiri hl. hennar, geti ekki fallizt á fjárveitingu til aðgerðar öldubrjótsins einvörðungu, vegna þess að ekki liggi fyrir nein ábyggileg kostnaðaráætlun.

Nánar við umræður.